

Sjávarútvegsráðstefnan 2018

Styrktarlínur og ávinningur styrktaraðila

Sjávarútvegsráðstefnan verður að þessu sinni haldin í Hörpu dagana 15.-16. nóvember. Stuðningur styrktaraðila hefur gefið okkur kost á að halda ráðstefnugjöldum í hófi og ná því markmiði að fá 700-800 manns á Sjávarútvegsráðstefnuna á síðustu árum. Við leggjum áherslu á að styrktaraðili hafi verulegan ávinning af því að styrkja Sjávarútvegsráðstefnuna.

Styrktaraðili - Þjónustufyrirtæki

Við bjóðum þjónustufyrirtækjum sem selja vöru og þjónustu til sjávarútvegs tvo valkosti. Í tilboði sem kostar 325.000 kr er ávinningurinn:

- Logo fyrirtækis verður að finna á vefsíðu ráðstefnunnar, bakhlið ráðstefnuheftis og dag-skrá.
- Bás þar sem styrktaraðili getur kynnt sýna starfsemi (2 x 2 m).
- Auglýsing eða kynning í ráðstefnuhefti (210 x 297 mm).
- Boðsmiðar fyrir 5 manns og innifalið eru allar veitingar (þ.m.t. hádegisverður) og ráðstefnugögn. Gert er ráð fyrir að þeir sem þjónusti bása nýti boðsmiða.

Við bjóðum einnig ódýrari valkost fyrir þjónustufyrirtæki. Þar er kostnaðurinn 200.000 kr en inn í því gjaldi fellur út auglýsing/kynning í ráðstefnuhefti og boðsmiðar eru eingöngu tveir.

Styrktaraðili - Sjávarútvegsfyrirtæki

Við gefum sjávarútvegsfyrirtækjum möguleika að gerast styrktaraðili Sjávarútvegsráðstefnunnar með að greiða 250.000 kr. og ávinningurinn er:

- Logo fyrirtækis verður að finna á vefsíðu ráðstefnunnar, bakhlið ráðstefnuheftis og dag-skrá.
- Boðsmiðar fyrir 10 manns og innifalið eru allar veitingar (þ.m.t. hádegisverður) og ráðstefnugögn.

Nánari upplýsingar:

Valdimar Ingi Gunnarsson

GSM: 6952269

Tölvupóstfang: valdimar@sjavarutvegur.is

Vefsíða: <https://sjavarutvegsradstefnan.is/>

[Síðasta ráðstefnuhefti](#)



Sjávarútvegsráðstefnan hefur verið haldin frá árinu 2010, fyrst á Grand Hótel Reykjavík, síðan Hilton Reykjavík Nordica og frá árinu 2016 í Hörpu.


Sjávarútvegsráðstefnan er stærsti árlegi vettvangur allra sem starfa í sjávarútveginum.

Keypt kynning

Hér er markmiðið að gefa þjónustuaðilum sjávarútvegs möguleika á að kynna vöru og þjónustu sem fyrirhugað er að markaðssetja eða er nýlega byrjað að selja. Gert er ráð fyrir níu erindum í málstofunni „Lausnir til að auðvelda ákvörðunartöku í sjávarútvegi“ sem hvert er 10 mínútur og í lok málstofu verða almennar umræður. Ef þörf er á verður valið úr tillögum á erindum og þau sem þjóna best markmiði málstofunnar njóta forgangs. Sömu kröfur eru gerðar til keyptra erinda og annarra erinda á Sjávarútvegsráðstefnunni og fá þau samþættilga kynningu í ráðstefnuhefti. Gert er ráð fyrir að þeir sem flytji erindi nýti sína boðsmiða.

Styrktarlína	Kostnaður styrktaraðila	Ávinningur styrktaraðila			
		Logo	Sýningar-rými	Auglýsing/Kynning	Fjöldi boðsmiða
Þjónustufyrirtæki	325.000 kr.	x	x	x	5
Þjónustufyrirtæki	200.000 kr.	x	x		2
Sjávarútvegsfyrirtæki	250.000 kr.	x			10
Keypt kynning	125.000 kr.			x	2


Flói á 1. hæð



Ráðstefnusalir eru á annarri hæð í Hörpu og veitingar í Flóa á fyrstu hæð. Í Flóa eru sýningarrými styrktaraðila í kringum veitingar og koma ráðstefnugestir þar niður í öllum hléum, þ.e.a.s. í kaffi og matartímum.

Sýningarrými á Eyri er framan við ráðstefnusalinn Silfurberg. Það verða þrír ráðstefnusalir; Norðurljós, Silfurberg A og B. Þegar ráðstefnugestir fara á milli ráðstefnusalanna blasir sýningarrýmið á Eyri við þeim.

Eyri á 2. hæð



 Helstu gönguleiðir

 Sýningarsvæði (básar)